



Talnabrunnur

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

Embætti landlæknis

Notkun þunglyndislyfja á Íslandi


Í nýtkomnum **Talnabrunni** um líðan fullorðinna á Íslandi var m.a. fjallað um aukningu á andlegri vanlíðan á síðastliðnum árum. Sér í lagi mátti sjá þessa þróun á meðal ungs fólks á aldrinum 18-24 ára.

Í þessu tölublaði Talnabrunns verður sjónum beint að notkun lyfja í ATC flokki N06A sem samkvæmt ATC flokkunarkerfi lyfja eru þunglyndislyf. Það ber þó að hafa í huga að viss lyf í þessum flokki eru einnig mikið notuð við kvíðaröskunum hérlandis sem og víðar, enda kvíðaröskun skráð ábending margra þeirra. Einnig er lyf í undirflokki N06AX allmikið notað við svefntruflunum og kvíða meðal aldraðra.

Notkun þunglyndislyfja á Íslandi hefur í gegnum tíðina verið mikil og jókst jafnt og þétt um árabil. Hin mikla notkun þunglyndislyfja á Íslandi gefur tilefni til að grannt sé fylgst með þróuninni yfir tíma auk þess sem gagnlegt er að greina notkunina betur eftir tilteknum undirhópum.


Upplýsingar um **lyfjaávisanir og afgreiðslur** byggja á gögnum úr **lyfjagagnarunni** embættis landlæknis sem inniheldur upplýsingar um allar afgreiðslur lyfjaávisana. Til einföldunar er með „notkun“ átt við það sem afgreitt er í lyfjabúðum.

Frá árinu 2021 hefur afgreitt magn þunglyndislyfja haldist nokkuð stöðugt, var 166 dagskammtar á hverja 1.000 íbúa á dag (DDD/1.000 íbúa/dag) árið 2021 og 168 DDD/1.000 íbúa/dag árið 2023 (mynd 1). Þar af var mest notað af sk. SSRI lyfjum (123 DDD/1.000 íbúa/dag) eða um 73% af því heildarmagni sem notað var árið 2023, mælt í DDD.



Mynd 1. Afgreitt magn þunglyndislyfja í ATC flokki N06A á hverja 1.000 íbúa á dag (DDD/1.000 á dag), greint eftir ATC flokkum, 2005-2023.


Á árinu 2023 fengu alls 62.727 einstaklingar afgreidd þunglyndislyf í ATC flokki N06A, 22.780 karlar og 39.886 konur. Þetta samsvarar því að 165 af hverjum 1.000 íbúum hafi leyst slík lyf út. Mikill kynjamunur er á notkun þunglyndislyfja þar sem nær tvöfalt fleiri konur leysa út lyf í þessum flokki en karlar og hefur munurinn farið vaxandi á síðastliðnum tíu árum. Árið 2023 leystu 215 af hverjum 1.000 konum út þunglyndislyf á móti 117 af hverjum 1.000 körlum (mynd 2).




Mynd 2. Fjöldi einstaklinga af hverjum 1.000 íbúum sem leysti út þunglyndislyf í ATC flokki N06A, heildarfjöldi og greint eftir kyni, 2005-2023.

Notkun þunglyndislyfja er að vonum mun algengari meðal fullorðinna en barna en árið 2023 notuðu 199 af hverjum 1.000 fullorðnum þunglyndislyf á móti 47 af hverjum 1.000 börnum. Til barna teljast einstaklingar undir 18 ára aldri. Þó hefur notkun þunglyndislyfja færst í vöxt á meðal barna á undanförunum árum, sér í lagi á meðal ungmenna. Þegar skoðuð er þróun í notkun þunglyndislyfja meðal barna frá upphafi skráningar í lyfjagagnagrunn embættis landlæknis má sjá að nær tvöfalt fleiri börn yngri en 18 ára fengu ávísað lyfjum í þessum flokki árið 2023 en árið 2005. Þessa aukningu má að miklu leyti rekja til aukningar í elsta aldersflokk barna en árið 2023 fengu 128 af hverjum 1.000 börnum á þeim aldri þunglyndislyf samanborið við 47 af hverjum 1.000 börnum árið 2005. Einnig hefur notkun aukist hjá börnum á aldrinum 10-13 ára, þótt hún hafi ekki verið jafn mikil og hjá elsta aldurshópi barna. Þessi notkun kallast á við vaxandi einkenni [kvíða](#), [þunglyndi](#) og [vanlíðan](#) hjá þessum aldurshópum sem ýmsar kannanir hafa [sýnt](#). Hjá börnum undir 10 ára aldri hefur notkun þunglyndislyfja minnkað á síðustu tveimur áratugum og er nú hverfandi hjá börnum undir fimm ára (mynd 3).

Notkun þunglyndislyfja hjá einstaklingum 18 ára og eldri hefur aukist um þriðjung á síðastliðnum tveimur áratugum. Greina má töluverðan breytileika í þróuninni eftir aldersflokkum; allt frá 12-14% aukningu á notkun þunglyndislyfja á tímabilinu hjá fólki á miðjum aldri upp í 88% aukningu hjá elsta aldurshópnum. Það ber þó að hafa í huga að á árunum 2009/10-2012 hófu hjúkrunarheimili að senda upplýsingar um lyfjanotkun íbúa sinna inn í lyfjagagnagrunn sem kann að skýra þá aukningu sem sjá má hjá þeim aldurshópi. Notkun þunglyndislyfja jókst um 58% hjá einstaklingum á aldrinum 18-44 ára, úr 112 af hverjum 1.000 árið 2005 í 176 af hverjum 1.000 árið 2023 (mynd 4).



Mynd 3. Fjöldi barna af hverjum 1.000 börnum, undir 18 ára aldri, sem fékk afgreidd þunglyndislyf í ATC flokki N06A, heildarfjöldi og greint eftir aldursflokkum, 2005-2023.



Mynd 4. Fjöldi fullorðinna af hverjum 1.000 fullorðnum, 18 ára og eldri, sem fékk afgreidd þunglyndislyf í ATC flokki N06A, heildarfjöldi og greint eftir aldursflokkum, 2005-2023.

Tafla 1. Hlutfallsleg breyting á milli ára í fjölda einstaklinga á hverja 1.000 íbúa í tilteknum aldursflokkum sem fékk afgreidd þunglyndislyf í ATC flokki N06A árin 2005-2023.


	6-9 ára	10-13 ára	14-17 ára	18-29 ára	30-44 ára	45-54 ára	55-66 ára	67-79 ára	80 ára og eldri
2005									
2006	-15%	-1%	0%	-7%	-4%	-4%	1%	4%	12%
2007	1%	-10%	-3%	-5%	-6%	-4%	-2%	1%	-2%
2008	-12%	1%	3%	-1%	0%	-1%	-2%	1%	1%
2009	-9%	-12%	-1%	-3%	-2%	-4%	-4%	0%	18%
2010	-5%	10%	9%	6%	5%	2%	-1%	-2%	11%
2011	-4%	5%	1%	6%	5%	1%	2%	2%	7%
2012	12%	4%	11%	7%	3%	1%	-1%	1%	2%
2013	-6%	10%	13%	9%	5%	3%	0%	-1%	-3%
2014	-7%	3%	12%	3%	3%	-1%	-2%	0%	1%
2015	3%	5%	15%	14%	6%	3%	3%	2%	4%
2016	2%	6%	5%	5%	3%	3%	0%	2%	1%
2017	-6%	-2%	4%	3%	2%	3%	2%	-1%	-1%
2018	-2%	-4%	-5%	0%	3%	0%	0%	1%	2%
2019	-12%	6%	4%	2%	3%	3%	2%	2%	1%
2020	6%	8%	12%	5%	6%	6%	3%	2%	-1%
2021	10%	12%	13%	9%	6%	5%	3%	1%	4%
2022	7%	6%	0%	0%	1%	0%	0%	-2%	1%
2023	3%	-4%	0%	-3%	-1%	-1%	0%	0%	-1%

Grænir litir merkja að færri fengu afgreidd þunglyndislyf á tilteknu ári samanborið við undangengið ár og rauðir merkja að fleiri fengu afgreidd þunglyndislyf á tilteknu ári samanborið við undangengið ár.

Tafla 1 sýnir hlutfallslega breytingu í notkun þunglyndislyfja í tilteknum aldursflokkum á milli ára. Taflan gefur skýra mynd af þróuninni í mismunandi aldursflokkum. Grænir litir eru til marks um að dregið hafi úr notkun þunglyndislyfja milli ára en rauðir litir eru til marks um aukningu á milli ára. Greinilegt er að hlutfallsleg aukning í notkun þunglyndislyfja er að mestu bundin við yngstu aldursflokkana. Sér í lagi má sjá umtalsverða aukningu á árunum 2012-2015 og 2020-2021 hjá aldurshópnum 14-17 ára. Eins má sjá greinilega aukningu hjá elsta aldurshópnum á árabílinu 2009-2011 sem, eins og fyrr segir, má að öllum líkindum rekja til breytinga í gagnasendingum frá hjúkrunarheimilum (tafla 1).

Alþjóðlegur samanburður


Í alþjóðlegum samanburði vekur það athygli að notkun þunglyndislyfja á Íslandi er sú mesta innan OECD. Þannig hefur það verið a.m.k. frá árinu 2007 þegar OECD hóf að birta tölulegar upplýsingar um notkun lyfja í þessum lyfjaflokki. Árið 2021 var notkunin á Íslandi 161 dagskammtur (DDD) af þunglyndislyfjum á hverja 1.000 íbúa á dag, 15% meiri en í Portúgal þar sem notkunin er næst mest og rúmlega tvöfalt meiri en meðaltal OECD ríkjanna, 74 dagskammtar á hverja 1.000 íbúa á dag (mynd 5).



Mynd 5. Notkun þunglyndislyfja í OECD ríkjum, 2011, 2019 og 2021. *Health at a Glance 2023.*

Samanburður við Norðurlöndin

Norræn nefnd um heilbrigðis-tölfræði, Nomesko, birtir árlega upplýsingar um heildarmagn (DDD/1.000 íbúa/dag) af seldum lyfjum úr heildsölu í hverju norrænu landi fyrir sig. Þær tölur gefa til kynna að aukning hafi orðið á seldu magni þunglyndislyfja í ATC flokki N06A á öllum Norðurlöndunum á síðastliðnum árum þótt aukningin sé mismikil milli landa. Mest var aukningin á Íslandi en frá árinu 2007 til ársins 2023 jókst selt magn um 42%. Á sama tímabili var aukningin 37% í



Mynd 6. Heildarmagn seldra þunglyndislyfja í ATC flokki N06A (DDD/1.000 íbúa/dag) á Norðurlöndunum, greint eftir löndum, 2007-2022. Byggt á sölutölum frá Nomesko www.nhwstat.org.

Svíþjóð, 35% í Færeyjum, 31% í Finnlandi, 21% í Danmörku og 13% í Noregi. Minnst er selt af þunglyndislyfjum í Noregi eða 63 skilgreindir dagskammtar á 1.000 íbúa á dag (mynd 6).

Norræn samanburður á þunglyndislyfjanotkun gefur til kynna að notkunin sé mest á Íslandi í öllum aldursflokkum. Ísland sker sig úr þegar kemur að notkun þessara lyfja hjá yngsta aldursflokknum (0-14 ára) þar sem 29 af hverjum 1.000 börnum fengu afgreidd þunglyndislyf árið 2022. Notkun þessara lyfja meðal barna á þessum aldri á hinum Norðurlöndunum er hverfandi (mynd 7).



Mynd 7. Fjöldi einstaklinga af hverjum 1.000 íbúum sem fékk afgreidd þunglyndislyf (ATC flokkur N06A), greint eftir aldursflokkum og landi, 2016-2022. Byggt á tölum frá Nomesko www.nhwstat.org.

Samantekt

Um var að ræða nær stöðuga aukningu í notkun þunglyndislyfja frá árinu 2010 fram til ársins 2021 en síðan þá hefur notkunin verið stöðug. Frá og með árinu 2021 hefur afgreitt magn af þunglyndislyfjum haldist því sem næst óbreytt auk þess sem heildarfjöldi einstaklinga sem fær ávísað þunglyndislyfjum stendur í stað. Á þetta við um bæði kyn og alla aldurshópa.

Sérstaða Íslands hvað varðar notkun þunglyndislyfja er athyglisverð og hafa ýmsar tillögur verið lagðar fram til skýringar á þeim mikla mun sem er á notkunarmynstri Íslendinga og annarra þjóða. Ein möguleg skýring er að skortur á meðferðarúrræðum geti valdið því að einstaklingar með vægari einkenni þunglyndis og kvíða fá ávísað lyfjum hérlendis í stað þess að vera vísað til sálfræðings.

Mikil aukning var í notkun þunglyndislyfja hjá ungmennum á árunum 2020 og 2021. Á sama tíma sýna mælingar lakari líðan ungs fólks en eldri aldurshópa t.d. [hvað varðar mat á andlegri heilsu](#).

Í júní 2022 var samþykkt [stefna í geðheilbrigðismálum til ársins 2030](#) og ári síðar var samþykkt [aðgerðaáætlun](#) í geðheilbrigðismálum til ársins 2027. Í stefnu og aðgerðaáætlun er lögð áhersla á geðrækt, forvarnir og snemmtæk úrræði til þess að viðhalda og bæta geðheilbrigði einstaklinga. Einnig er áhersla á að bæta geðheilbrigðisþjónustu á landinu öllu; gagnreyndar aðferðir, samþættingu og samhæfingu þjónustu og notendasamráð.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni er þunglyndi sá sjúkdómur sem veldur hvað mestri sjúkdómabyrði á heimsvísu. Það er því ljóst að efla þarf geðrækt og forvarnir til að stemma stigu við nýgengi sjúkdómsins og að efla margskonar meðferð, ekki síst snemmtæk úrræði eins og lögð er áhersla á í ofangreindri aðgerðaáætlun. Hafa ber í huga að [félagslegir þættir og lífsaðstæður](#) fólks vega þungt þegar kemur að geðheilbrigði. Þau sem búa við slaka félags- og efnahagsstöðu og jaðarsetningu eru mun líklegri til að þróa með sér geðræna erfiðleika en þau sem búa við góð lífskjör og félagslega stöðu. Þættir er varða grundvallaröryggi í lífinu, t.d. öruggt húsaskjól, örugg afkoma og öruggt líf án ofbeldis, hafa gríðarlega mikil áhrif á geðheilsu og því mikilvægt að aðgerðir til að bæta geðheilsu þjóðarinnar nái einnig til stærri félags- og efnahagslegra skilyrða. Í nýlegum [Talnabrunni](#) þar sem fjallað er um líðan fullorðinna er greint frá því að þeim fjölgar frá árinu 2020 sem eiga erfitt með að ná endum saman og að líðan og andleg heilsa þess hóps er lakari en þeirra sem eiga auðvelt með að ná endum saman.

Embætti landlæknis telur það verðugt rannsóknarefni að skýra hvers vegna notkun þessara lyfja er mun meiri hérlendis og eins væri áhugavert að greina gögnin nánar.

Embætti landlæknis fagnar þeirri áherslu sem nú er á uppbyggingu í geðheilbrigðismálum og verður fróðlegt að fylgjast áfram með lyfjanotkun í því ljósi. Ljóst er þó að forvörnum og snemmtækri íhlutun er varðar geðheilbrigði og líðan ungs fólks þarf að sinna í samfélaginu öllu.


Védís Helga Eiríksdóttir

Sigríður Haraldsd. Elínardóttir

Nýtt mælaborð um notkun þunglyndislyfja

Á vef embættis landlæknis eru nú aðgengilegar í mælaborði **tölulegar upplýsingar um notkun þunglyndislyfja á Íslandi**. Mælaborðið byggir á gögnum úr lyfjagagnagrunni embættis landlæknis sem inniheldur nánast fullþekjandi rauntímaupplýsingar um allar afgreiðslur lyfjaávisunarskyldra lyfja sem notuð eru utan sjúkrahúsa. Gögn í lyfjagagnagrunni eiga uppruna sinn hjá ávísandi heilbrigðisstarfsmanni (lyfjaávisanir) og lyfjabúðum (lyfjaafgreiðslur).

Gögnin í mæla-borðinu ná yfir ATC flokk N06A. Í þessum flokki eru fjórir megin lyfjaflokkar; ósértækir mónóamín-endurupptökuhemlar (N06AA), sértækir serótónínendurupptökuhemlar (N06AB), mao-hemlar (N06AF og N06AG) og önnur þunglyndislyf (N06AX).



Í mælaborðinu eru upplýsingar um afgreitt magn, þar sem notast er við mælieininguna DDD á hverja 1.000 íbúa á dag, sem er grundvöllur fyrir samanburði á lyfjanotkun milli lyfjahópa og landsvæða. Þá inniheldur mælaborðið einnig upplýsingar um fjölda einstaklinga á hverja 1.000 íbúa sem fá afgreidd lyf í þessum ATC flokkum. Reiknaðar tölur miða alla jafna við meðalmannfjölda hvers árs, fyrir utan nýjustu tölur sem miða við upphafsmannfjölda ársins á undan þar til upplýsingar um mannfjölda í upphafi nýjasta árs liggja fyrir. Reiknaðar tölur geta því tekið breytingum.

Skilgreindur dagskammtur (e. Defined Daily Dose) er meðal-meðferðarskammtur á dag fyrir tiltekið lyf, samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

Tölur í mælaborðinu eru gagnvirkar, þ.e. þær breytast til samræmis við það sem valið er í fyrirfram gefnum síum (kyn, aldursflokkar, heilbrigðisumdæmi, ársfjórðungar og virkt heiti lyfja). Hægt er að velja fleiri en eina síu með því að halda niðri CTRL takka um leið og sía er valin. Einnig er gagnvirknin stillt þannig að ef tiltekið val skilar færri en fimm einstaklingum eru þær tilteknu upplýsingar ekki birtar í töflum og gröfum.

Arnar Sigbjörnsson og Jón Óskar Guðlaugsson

Efni
Notkun þunglyndislyfja á Íslandi
Nýtt mælaborð um notkun þunglyndislyfja

Bls. 1
Ritstjórn
Védís Helga Eiríksdóttir, ritstjóri
Sigríður Haraldsd. Elnardóttir, ábm.
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
S. 510 1900
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is